



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2013

**Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 625. mál á 141. löggjafarþingi, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum (fjárfestingarheimildir)**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 12. mars sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.


Í 1. gr. frumvarpsins er ákvæði sem einkum er ætlað að liðka fyrir heimildum til þess að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar. LL styðja ákvæði þetta og vísa jafnframt til hjálagðs bréfs til nefndarinnar dags. 8. mars sl. þar sem óskað var viðbragða LL við breytingartillögu frá Akraneskaupstað.

Eins og rakið er í athugasemdum við frumvarpið fól fjármála- og efnahagsráðherra nefnd að endurskoða ákvæði laga nr. 129/1997 um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Nefndina skipa Gylfi Magnússon, formaður, Lilja Sturludóttir, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Valgerður Rún Benediktsdóttir, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, Lúðvík Eliasson, tilnefndur af Seðlabanka Íslands, Sara Sigurðardóttir, tilnefnd af Fjármálaeftirlitinu og Ólafur Sigurðsson, tilnefndur af LL. Nefndinni var falið það verkefni að skila greinargerð um mat á fjárfestingarkostum lífeyrissjóðanna en jafnframt að taka afstöðu til þess fyrir 15. febrúar 2013 hvort rétt væri að leggja til sérstakar breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða nú á vörþingi vegna þess hvernig fjárfestingarumhverfi þeirra er háttað um þessar mundir.

Í ljósi takmarkaðra fjárfestingarkosta sem sjóðirnir búa nú við þykir mikil þörf fyrir tímabundnar rýmkanir á heimildum sjóðanna til fjárfestinga. Margir innan lífeyrissjóðakerfisins myndu óska að gengið yrði lengra í þessum efnunum en fyrirliggjandi frumvarp gerir en þar sem frumvarpið er byggt á sameiginlegri vinnu og mati ofangreindrar nefndar lýsa LL yfir fullum stuðningi við frumvarpið og vonast til að það fái afgreiðslu á þessu þingi og verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Bréf LL til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 8. mars 2013



**LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 8. mars 2013

**Efni: Viðbrögð Landssamtaka lífeyrissjóða við breytingartillögu frá Akraneskaupstað vegna 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 625. mál.**

Formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis mun hafa óskað eftir afstöðu Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) við tillögu að breytingu á 3. mgr. 36. gr. ofangreindra laga sem sett er fram af hálfu Akraneskaupstaðar með bréfi dags. 25. febrúar sl.

LL styðja öll þau sjónarmið er fram koma af hálfu Akraneskaupstaðar og rakin eru að baki breytingartillögu þeirra, enda sterk rök sem styðja það að einfalda beri sveitarfélögum heimildir til að greiða inn á áhvílandi lífeyrisskuldbindingar.

Tillaga Akraneskaupstaðar kann þó að ganga of langt þar sem vísað er til 9. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna. Vætanlega væri rétt að setja inn takmarkanir við að greitt sé með skuldabréfi sem njóti beinnar eða óbeinnar ábyrgðar af hálfu ríkisins eða sveitarfélaga.

Virðingarfyllt  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða  
  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri